

SAMÞYKKT

fyrir Iðnaðarbanka Íslands h.f.

I. KAFLI

Almenn ákvæði.

1. gr.

Nafn félagsins er Iðnaðarbanki Íslands h.f., í samþykktum þessum kallað Iðnaðarbankinn.

2. gr.

Heimili Iðnaðarbankans, aðalbanki og varnarþing er í Reykjavík. Auk aðalbanka má setja á stofn afgreiðslustofur og útibú í Reykjavík eftir þörfum, og útibú og umboðsskrifstofur má stofna utan Reykjavíkur eftir því, sem þörf þykir og ástæður leyfa.

3. gr.

Hlutverk Iðnaðarbankans er að reka hvers konar viðskiptabankastarfsemi, er sérstaklega miði að því að styðja verksmiðjuíðnað og handiðnað í landinu.

II. KAFLI

Um hlutfé Iðnaðarbankans.

4. gr.

A.

Hlutfé Iðnaðarbankans er a. m. k. 1 000 m.kr.

Hluthafafundur einn getur ákveðið hækkun hlutfjár, hvort heldur er með áskrift nýrra hluta eða útgáfu jöfnunarhluta eftir sömu reglum og gilda um breytingar á samþykktum bankans sbr. 31. gr.

Hlutfé er allt jafn rétt hátt sbr. þó 17. gr. og 20. gr.

Tillaga um hlutfjárhækkun skal liggja frammi til athugunar fyrir hluthafa og senda þeim tillöguna eftir reglum, sem greinir í 15. gr. Tillagan skal ennfremur lögð fram á hluthafafundi.

Í fundarboði til hluthafafundar, þar sem taka skal ákvörðun um hækkun hlutfjár, skulu vera upplýsingar um áskriftarrétt hluthafa, ásamt upplýsingum um hvernig þeir, er áskriftarrétt hafa, skuli bera sig að, ef þeir vilja notfæra sér áskriftarréttinn.

Við hækkun hlutfjár eiga hluthafar rétt á að skrá sig fyrir nýjum hlutum í réttu hlutfalli við hlutaeign sína í þrjá mánuði frá auglýsingu bankaráðs um hlutfjárauka. Nú notar einhver hinna eldri hluthafa ekki áskriftarrétt sinn að fullu og eiga þá aðrir hluthafar aukinn rétt til áskriftar. Að þeim rétti frágengnum, er bankaráði heimilt að bjóða út innanlands það, sem á vantar samþykktan hlutfjárauka. Bankaráð ákveður sölugengi hlutfjárauka við almennt útboð.

B.

Í ákvörðun um hækkun hlutafjár með áskrift nýrra hluta skal taka fram:

1. Hve mikið hækka skal hlutafé. Setja má hámark og lágmark fyrir hækkuninni.
2. Þann hlutaflokk, sem hinir nýju hlutir skulu tilheyra.
3. Forgangsrétt hluthafa til áskriftar að hlutum eða hverjir geti ella skrifað sig fyrir hlutum.
4. Frest til áskriftar og frest hluthafa til þess að nota forgangsrétt sinn til áskriftar og skal fresturinn miðaður við framlagningu áskriftarskrár.
5. Frest til greiðslu hluta ásamt reglum um, hvernig skipta skuli hlutum, ef þeir sem ekki eiga forgangsrétt, hafa skrjáð sig fyrir meira hlutafé en boðið er út, enda sé skiptingin ekki falin stjórninni.
6. Nafnverð hluta og útboðsgengi þeirra.

C.

Áskrift nýrra hluta skal gerð á áskriftarskrá, sem bankaráð undirritar. Í áskriftarskrá skal greina ákvörðun hluthafafundar um hækkun hlutafjárins. Við áskrift skal leggja fram samþykktir félagsins og gögn þau er greinir í 4. gr. A.

D.

Hækkun hlutafjár með útgáfu jöfnunarhlutabréfa getur farið fram á þann hátt, að yfirfærðar séu fjárhæðir, sem samkvæmt 30. gr. má greiða sem arð eða fjárhæðir, sem komið hafa fram vegna hækkunar bókfærðs verðs (verðhækkunar) fastafjármuna, ef raunvirði þeirra er verulega hærra, en bókfært verð þeirra í efnahagsreikningi síðasta reikningsárs.

Ákvörðun um hækkun hlutafjár með útgáfu jöfnunarhlutabréfa skal greina hve mikið hlutafé skal hækka. Ákvæði 2. tl. 1. mgr. 4. gr. B gilda um ákvörðunina.

5. gr.

Hlutabréf hljóða á nafn. Hlutabréfin eru eftir ákvörðun bankaráðs að nafnverði gkr. 250, gkr. 500, gkr. 1 000, gkr. 5 000, gkr. 10 000, gkr. 50 000, gkr. 100 000, gkr. 1 milljón, gkr. 5 milljónir og gkr. 10 milljónir.

Hlutabréfin skiptast í tvo flokka (A og B) og hafa bréf í hvorum flokki framhaldandi tölumerki. Í flokki A eru almenn hlutabréf, en í flokki B eru hlutabréf ríkissjóðs.

Hlutafjárauka skal skipta í flokka með sama hætti. Í hlutabréfi skal greina:

1. Nafn, heimili og skráningarnúmer félags.
2. Nafnverð þess, töluröð og flokk.
3. Nafn hluthafa.
4. Útgáfudag hlutabréfs.
5. Þann flokk, er hlutabréf tilheyrir.
6. Að hlutabréfum í B-flokki fylgi eigi réttur til kosningar bankaráðs.

Stjórnendur skulu allir setja nöfn sín undir hlutabréf. Einn þeirra að minnsta kosti skal rita nafn sitt eigin hendi.

Arður af hlutabréfum skal sendur hluthöfum innan mánaðar frá aðalfundi. Réttur til arðs fellur niður sé greiðsla hans ekki leyst út innan þriggja ára frá gjald-daga, og rennur hann þá í varasjóð bankans.

6. gr.

Halda skal skrá yfir hlutabréf og skal þar greina:

1. Útgáfudag hlutabréfsins.
2. Nafnverð þess, töluröð og flokk sbr. 5. gr.
3. Eiganda bréfsins og eigandaskipti. Geta skal stöðu eiganda, heimilisfangs og nafnnúmers. Ennfremur skal geta eigendaskipta og skráningardags.
4. Fjöldi hluta hluthafans.
5. Breytingar, sem verða kunna á skiptum félagsins og eigenda hlutabréfsins, svo sem ef bréfið er ógilt með dómi.

7. gr.

Nú vill eigandi hlutabréfs selja erlendum aðila hlutabréf sitt og skal hann þá tilkynna það bankaráði. Hefur bankaráð fyrir bankans hönd forkaupsrétt að bréfinu fyrir sama verð og með sömu skilmálum og boðið er. Bankaráð ræður hverjum þáð endurselur slík bréf. Vilji bankaráðið eigi neyta forkaupsréttar síns innan innan fjögurra vikna, má hluthafi selja bréfið hinum erlenda aðila, enda sé verð og söluskilmálar eigi hagkvæmari kaupanda en bankanum var gefinn kostur á.

8. gr.

Eigandaskipti hlutabréfa skulu tilkynnt bankaráðinu. Gagnvart félaginu skal hluthafaskráin skoðast sem fullgild sönnun fyrir eignarétti að hlutum í félaginu og skal arður á hverjum tíma, svo og tilkynningar allar, sendast til þess aðila, sem á hverjum tíma er skráður eigandi viðkomandi hlutabréfs á hluthafaskrá félagsins. Ber félagið enga ábyrgð á því, ef greiðslur eða tilkynningar misfarast vegna þess að vanrækt hefur verið að tilkynna félaginu um eigandaskipti eða aðsetursskipti.

9. gr.

Nú glatast hlutabréf, stofn eða arðmiði, sem því fylgir, og gefur bankaráð þá út nýtt hlutabréf, stofn eða arðmiði, til handhafa, er hann hefur fengið ógildingradóm á hinu glataða skjali. — Bankaráði skal heimilt að gefa út til aðila nýtt hlutabréf eða arðmiði, þótt ógildingardóms sé ekki aflað, ef bankaráð telur nægilega sannað, að bréfið eða arðmiðinn hafi glatast. — Ef hlutabréf, stofn eða arðmiði skemmist, en þó verður ekki villst um flokk skjalsins, tölu þess eða efni, getur bankaráð gefið út til aðila, á hans kostnað nýtt skjal í staðinn, enda skili hann hinu skemmda skjali.

10. gr.

Enginn hluthafi ábyrgist skuldbindingar Iðnaðarbankans fram yfir nafnverð hlutabréfa sinna. Þessu ákvæði verður ekki breytt né það fellt niður með neinum ályktunum hluthafafundar.

III. KAFLI.

Um starfsemi Iðnaðarbankans.

11. gr.

Hlutverk sitt leysir bankinn af hendi með því að taka við spariinnlánnum og veitiinnlánnum til ávöxtunar, kaupa og selja vixla, verðbréf, tékka og aðrar ávísanir, og veita hvers konar lán önnur gegn tryggingum, sem bankinn metur gildar. Að auki veitir bankinn ábyrgðir, annast um innheimtur og hvers konar önnur venjuleg störf viðskiptabanka.

12. gr.

Iðnaðarbankinn hefur á hendi samkvæmt sérstökum samningi, daglegan rekstur Iðnlánasjóðs.

IV. KAFLI
Stjórn Iðnaðarbankans.

13. gr.

Með stjórn Iðnaðarbankans fara:

- A. Hluthafafundur.
- B. Bankaráð.
- C. Bankastjórn.

A. Um hluthafafundi.

14. gr.

Hluthafafundur fer með æðsta vald í málefnum Iðnaðarbankans samkvæmt því sem lög og samþykktir þessar kveða á um. Hluthafafundur skal halda í Reykjavík. Öllum hluthöfum er heimilt að sækja hluthafafund og taka þar til máls.

Hluthafi getur látið umboðsmann sækja hluthafafund fyrir sína hönd.

Umboðsmaður skal leggja fram skriflegt og dagsett umboð. Umboð gildir aldrei lengur en 5 ár frá dagsetningu þess. Umboð má hvenær sem er afturkalla.

15. gr.

Bankaráð annast boðun til hluthafafundar. Boða skal til hluthafafundar lengst fjórum vikum og skemmst tveimur vikum fyrir fund.

Boðun skal þó vera skrifleg til allra þeirra hluthafa, sem þess hafa óskað og skráðir eru í hlutaskrá.

Í fundarboði skal greina málefni þau, sem taka á til meðferðar á hluthafafundi. Ef taka á til meðferðar á fundinum tillögur til breytingar á samþykktum, skal greina meginefni tillögunnar í fundarboði.

Viku fyrir hluthafafund hið skemmsta, skal dagskrá, endanlegar tillögur svo og ársreikningur og skýrsla endurskoðenda sé um aðalfund að ræða, lögð fram hluthöfum til sýnis í aðalbanka og samtímis senda sérhverjum skráðum hluthafa, sem þess óskar.

Mál, sem ekki hafa verið greind í dagskrá, er ekki unnt að taka til úrlausnar á hluthafafundi nema með samþykki $\frac{2}{3}$ hluta mættra hluthafa.

16. gr.

Hluthafafundi stýrir fundarstjóri. Fundurinn kýs fundarstjóra úr hópi hluthafa eða annarra fundarmanna. Formaður bankaráðs eða annar, sem bankaráð nefnir til, setur hluthafafund og stjórnar kjöri fundarstjóra.

Þegar fundur hefur verið settur, skal gerð skrá yfir hluthafa og umboðsmenn hluthafa, er fund sækja, til þess að ljóst sé, hversu mörgum hlutum og atkvæðum hver þeirra ræður yfir.

Fundarstjóri skal láta kjósa fundarritara, sem heldur fundargerðabók. Í fundargerðabók skal skrá ákvarðanir hluthafafundar ásamt úrslitum atkvæðagreiðslna. Skrá yfir viðstadda hluthafa og umboðsmenn skal færð í fundargerðabók eða fylgja henni.

Fundargerð skal lesa upphátt fyrir fundarlok og skrá þar athugasemdir, ef fram koma. Fundarstjóri og fundarritari skulu undirrita fundargerðabók.

17. gr.

Hver hlutur veitir atkvæðisrétt og fylgir 1 atkvæði hverjum 250 krónum í hlutafé. Engar aðrar takmarkanir eru á atkvæðisrétti hluthafa í B flokki og annarra hlutabréfa ríkissjóðs en þær, að þeim fylgir eigi atkvæðisréttur við kosningu bankaráðs.

Einfaldur meirihluti atkvæða ræður úrslitum á hluthafafundi nema öðruvísi sé mælt í lögum eða samþykktum þessum. Nú verða atkvæði jöfn við kosningu, og ræður þá hlutkesti úrslitum.

18. gr.

Aðalfund hluthafa skal halda fyrir lok aprílmánaðar ár hvert, og skal til hans boðað með auglýsingu, er birt sé í Lögbirtingablaði með ekki minna en 4 vikna fyrirvara, talið frá birtingu.

Ennfremur skal birta fundarboðið með ekki minna en viku fyrirvara í útvarpi og dagblöðum.

Á dagskrá aðalfundar skal taka þessi mál fyrir og þeim ljúka þar:

1. Skýrslu bankaráðs um starfsemi Iðnaðarbankans síðastliðið starfsár.
2. Staðfestingu efnahagsreiknings og rekstrarreiknings.
3. Kosning til bankaráðs, sbr. 20. gr.
4. Kosning endurskoðenda.
5. Ákvörðun um þóknun til bankaráðs og endurskoðenda fyrir næsta kjörtímabil.
6. Ákvörðun um ráðstöfun tekjuafgangs sbr. 22. gr. og 30. gr.
7. Önnur mál.

19. gr.

Aukafund skal halda, þegar bankaráð telur þess þörf. Boða skal til aukafundar innan 14 daga, ef kjörnir endurskoðendur eða hluthafar, sem ráða yfir minnst 1/10 hlutfjárins, krefjast þess skriflega og greina fundarefni.

B. Bankaráð.

20. gr.

Stjórn hlutafélagsins, sem í samþykktum þessum nefnist bankaráð, skipa 5 menn og jafnmargir til vara. Iðnaðarmálaráðherra skipar tvo aðalmenn og varamenn fyrir hvorn þeirra, til eins árs í senn. Aðalfundur hluthafa kýs ár hvert með hlutfallskosningu þrjá menn og jafnmarga til vara, sem kosnir skulu sérstaklega með sama hætti og aðalmenn. Varamenn taka sæti í bankaráði eftir þeirri röð, sem þeir eru kosnir, þegar aðalmenn þess lista, sem þeir eru kosnir af, falla frá eða forfallast.

Skulu bankaráðsmenn vera búsettir í Reykjavík eða svo nálægt Reykjavík, að þeim sé auðvelt að sækja fundi bankaráðsins hvenær sem er. Bankaráðsmenn skulu vera lögráða menn, fjár síns ráðandi og með óflekkað mannorð en ekki þurfa þeir að vera hluthafar. Bankaráðsmenn mega ekki samtímis eiga sæti í stjórn annarra lána- eða bankastofnana, né vera starfsmenn þeirra.

21. gr.

Bankaráðið kýs sér formann og varaformann úr sínum hópi. Varaformaður gegnir störfum formanns í forföllum hans. Formaður kallar saman fundi bankaráðs og stýrir þeim. Reglulega fundi skal að jafnaði halda tvisvar í mánuði hverjum. Aukafundi skal halda, þegar formaður eða bankaráðsmaður eða bankastjórn telur þess þörf. Fundir bankaráðs eru lögmætir, ef 3 bankaráðsmenn sækja fund. Sé fundur eigi fullskipaður þarf atkvæði 3 til gildirar ályktunar. Afl atkvæða ræður úrslitum nema öðruvísi sé fyrir mælt í samþykktum þessum eða öðrum lögmætum fyrirætlum. Séu atkvæði jöfn ræður atkvæði formanns. Það sem gerist á fundum bankaráðs, skal bókað í sérstaka gerðabók. Hver sá, sem rétt á að sitja fund bankaráðs, getur krafist þess, að bókaðar séu athugasemdir hans og ágreiningsálit. Formaður bankaráðs hefur fyrir hönd ráðsins stöðugt eftirlit með starfsemi bankans.

22. gr.

Bankaráð hefur æðstu forstöðu Iðnaðarbankans, nema þar sem öðruvísi er ákveðið í samþykktum þessum.

Verkefni þess eru því:

1. Að ráða bankastjóra, ákveða tölu þeirra og ráðningarkjör, setja þeim erindisbréf og veita þeim lausn.
2. Að ráða aðstoðarbankastjóra, aðalgjaldkera, aðalbókara og útibússtjóra, að fengnum tillögum bankastjórnar, setja þeim erindisbréf og veita þeim lausn.
3. Að eiga aðild að reglugerð eða heimildarsamningi um launakjör starfsmanna bankans og réttarstöðu þeirra gagnvart bankanum.
4. Að hafa eftirlit með því að endurskoðendur ræki störf sín óaðfinnanlega.
5. Að ákveða í samráði við bankastjóra innláns- og útlánsvesti, séu þeir ekki ákveðnir af stjórn Seðlabanka Íslands.
6. Að taka ákvarðanir um afskriftir af eignum bankans og gera tillögur til aðalfundar um aðra ráðstöfun á tekjuafgangi á ársreikningi.
7. Að gera tillögur um breytingar á reglugerð bankans.
8. Að skera úr ágreiningi, er upp kynni að koma milli bankastjórnar og þeirra starfsmanna bankans, sem ráðnir eru af bankaráði.
9. Að ákveða, með samþykki bankastjóra, hvar bankinn skuli hafa útibú.
10. Að ákveða að fengnum tillögum bankastjóra, hverjir starfsmenn bankans ásamt bankastjóra geti skuldbundið bankann með undirskrift sinni og kveða á um það, hverjir starfsmenn bankans geti skuldbundið hann í tilteknum málum með undirskrift sinni.
11. Að ráða fram úr öðrum málum, sem ekki eru til hluthafafunda eða bankastjóra lögð, og þeim málum, sem bankastjóri eða hluthafafundur skjóta til þess.

23. gr.

Bankaráðsmenn hafa aðgang að öllum bókum Iðnaðarbankans og skjölum. Bankaráðsmenn mega ekki gerast umboðsmenn annarra gagnvart bankanum.

24. gr.

Allt það, er bankaráðið lætur skriflega frá sér fara, skal undirritað af formanni og einum hinna bankaráðsmanna. Iðnaðarbankinn ábyrgist allar skuldbindingar, sem bankaráðið undirgengst stöðu sinni samkvæmt, fyrir hans hönd.

C. Bankastjórn.

25. gr.

Bankastjórn Iðnaðarbankans er skipuð bankastjórum hans. Bankastjórnin annast daglega stjórn bankans og stendur fyrir rekstri hans. Hún ráðstafar fé bankans. Henni ber að sjá um, að bankareksturinn sé í öllum greinum skv. lögum bankans, samþykktum þessum, reglugerð bankans og ákvörðun bankaráðs. Bankastjórn ræður alla þá starfsmenn Iðnaðarbankans, sem bankaráðinu er eigi sérstaklega falið að ráða, skv. samþykktum bankans, og segir þeim upp. Hún undirbýr fundi bankaráðs og gefur því reglulega skýrslur um störf og hagi bankans. Bankastjórar, aðstoðarbankastjóri og útibústjórar mega ekki án leyfis bankaráðs hafa á hendi embætti eða sýslan, sem ekki er lögskýlt að gegna, né reka sjálfir atvinnu eða vera í stjórn atvinnufyrirtækja. Sömu aðilar mega ekki vera skuldskeyttir Iðnaðarbankanum eða útibúum hans, hvorki sem aðalskuldunautar eða ábyrgðarmenn. Bankastjórar og aðstoðarbankastjóri skulu sitja fundi bankaráðs nema fjallað sé um mál, er varðar þá sjálfa.

26. gr.

Bankaráð, endurskoðendur, bankastjórar og allir aðrir starfsmenn Iðnaðarbankans skulu skyldir að gæta fullkominnar þagnarskyldu um allt það, er varðar hagi viðskiptamanna hans og þeir fá vitneskju um vegna starfsemi sinnar í þágu bankans. Þagnarskyldan helst þótt látið sé af starfi.

V. KAFLI

Reikningsskil, endurskoðun, skipting ágóða og varasjóður.

27. gr.

Reikningsár Iðnaðarbankans er almanaksárið. Ársreikningur skal hafa að geyma ársskýrslu, rekstrarreikning og efnahagsreikning. Skal gerð ársreiknings lokið fyrir febrúarlök og skal hann lagður fyrir endurskoðendur án tafar og eigi síðar en einum og hálfum mánuði fyrir aðalfund.

Ársreikningur skal undirritaður af bankaráði og bankastjórn. Hafi bankaráðsmaður eða bankastjóri mótbáruð fram að færa gegn ársreikningi, skal hann undirritaður með fyrirvara og gera skal grein fyrir því í ársskýrslu hvers eðlis fyrirvarinn er. Ársreikning skal birta í Stjórnartíðindum.

Yfirlit yfir hag Iðnaðarbankans skal gera mánaðarlega.

28. gr.

Ársreikningurinn skal gerður samkvæmt lögum og góðri reikningsskilavenju, bæði að því er varðar mat á hinum ýmsu liðum, uppsetningu, sundurliðun og heiti liða. Ársreikningi skulu fylgja skýringar á einstökum liðum í samræmi við lög og góða reikningsskilavenju. Rekstrarreikningur skal gerður þannig, að hann gefi, skýra mynd af því, hvernig hagnaður eða tap reikningsársins hefur myndast. Í rekstrarreikningi skulu heildartekjur af rekstri félagsins á reikningsárinu koma fram og skulu tekjur og gjöld sundurliðuð, eftir því sem tilefni gefur til.

29. gr.

Aðalfundur hluthafa kýs hlutfallskosningu tvo endurskoðendur, til eins árs í senn. Ennfremur skal bankaráð ráða löggiltan endurskoðanda eða endurskoðunarfélag til endurskoðunarstarfa. Skulu endurskoðendur hafa samráð um störf sín. Endurskoðendur skulu vera lögráða og fjár síns ráðandi. Þeir skulu hafa góða þekkingu og reynslu í bókhaldi og bankaviðskiptum. Þeir mega ekki vera í þjónustu Iðnaðarbankans að öðru leyti, bankaráðsmanna, bankastjóra eða þeirra starfsmanna, sem annast eða hafa eftirlit með bókhaldi bankans eða fjármálum. Endurskoðandi má heldur eigi vera maki þessara aðila, skyldur þeim eða tengdur að feðgatali eða niðja eða fyrsta lið til hliðar, kjörforeldri þeirra eða kjörbarn, fósturforeldri eða fósturbarn. Kjósa má endurskoðendur úr flokki hluthafa sem utan hans. Endurskoðendur skulu í samræmi við góða endurskoðunarvenju endurskoða ársreikninginn og í því sambandi kann bókhaldsgögn félagsins og aðra þætti, er varða rekstur þess og stöðu. Bankaráð og bankastjórar skulu veita endurskoðendum aðstöðu til að framkvæma þær athuganir, sem þeir telja nauðsynlegar. Skal þeim heimill aðgangur að öllum bókum félagsins og skjölum og jafnframt skal bankaráðið og starfsmenn bankans veita þeim allar umbeðnar upplýsingar, sem unnt er að láta í té. Fyrir marsmánaðarlök skulu endurskoðendur hafa lokið endurskoðun á ársreikningi Iðnaðarbankans og ber þeim þá þegar að afhenda hann ásamt endurskoðunarskýrslu stjórn bankans. Hafi athugasemdir komið fram í endurskoðunarskýrslu skal bankastjórnin

í síðasta lagi 2 vikum fyrir aðalfund hafa samið svör sín við athugasemudm endurskoðenda og skulu þau liggja hluthöfum til sýnis ásamt ársreikningi.

Ábendingar og athugasemdir, sem endurskoðendur vilja koma á framfæri við bankaráð og bankastjórn, skal skrá í sérstaka endurskoðunarbók, eða færa fram á skriflegan hátt. Endurskoðendur hafa rétt til að sitja hluthafafundi félagsins. Endurskoðanda og samstarfsmönnum hans er óheimilt að gefa einstökum hluthöfum eða óviðeigandi aðilum upplýsingar um hag félagsins.

30. gr.

Tekjuafgangi samkvæmt rekstrarreikningi skal varið sem hér segir:

1. Vinna skal upp eignfært tap frá fyrra ári eða árum.
2. $\frac{1}{3}$ hluta tekjuafgangs skal ávallt leggja í varasjóð.
3. Varasjóð sbr. 108. gr. laga um hlutafélög má eigi nota til annars en að vinna upp tap á rekstri bankans eða önnur töp, er bankinn kann að verða fyrir.
4. Til arðgreiðslu samkvæmt ákvörðun aðalfundar, að fengnum tillögum bankaráðs.

Arðgreiðsla er bundin eftirfarandi skilyrðum:

 - a. Eigi er heimilt að greiða hærri arð en sem nemur vöxtum af almennu sparifé uns eigið fé nemur 10% af innlánsfénu.
 - b. Eigi er heimilt að greiða hærri arð en um getur í a. lið þessarar gr. nema varasjóður sbr. 3. tl. nemi einum tíunda hluta af hlutafénu eða meira.

Til arðgreiðslu má einnig nota yfirfærðan tekjuafgang frá fyrri árum og frjálsa sjóði, sbr. þó ákv. a. liðar 4. tölul. þessarar gr.
5. Til annars samkvæmt ákvörðun aðalfundar að fengnum tillögum bankaráðs.

VI. KAFLI

Um breytingar á samþykktum félagsins.

31. gr.

Samþykktum félagsins má breyta á löglegum aðalfundi, þar sem staddir eru hluthafar, er umráð hafa yfir að minnsta kosti $\frac{2}{3}$ atkvæða, og sé breytingin samþykkt með $\frac{2}{3}$ atkvæða að minnsta kosti. Hafi eigi verið á fundinum svo margir hluthafar, en breytingin samþykkt með $\frac{2}{3}$ atkvæða skal halda fund aftur innan mánaðar. Skal til hans boðað á venjulegan hátt, og það tekið fram, að til fundarins sé boðað af því að eigi hafi verið nægilega margir á hinum fyrri. Séu á þeim fundi $\frac{2}{3}$ greiddra atkvæða með breytingunni, öðlast hún gildi, hvort sem margir eða fáir hafa sótt fundinn.

32. gr.

Nú þykir ráðlegt eða nauðsynlegt að slíta félaginu og fer þá um tillögur þar að lútandi sem um breytingar á samþykktum þessum. Fundur sá, sem samþykkir á lögmatan hátt að slíta félaginu, kveður og á um, hvernig ráðstafa skuli eignum þess og greiðslu skulda. Gæta skal í hvívetna ákvæða XIV. kafla laga um hlutafélög.

Ákvæði til bráðabirgða.

Ákvæði 2. mgr. 5. gr. sbr. 1. mgr. 17. gr. koma ekki til framkvæmda, fyrr en núverandi hlutabréf í bankanum hafa verið innkölluð og gefin út ný hlutabréf í samræmi við ákvæði greinarinnar.

Þegar ný hlutabréf hafa verið gefin út eftir gjaldmiðilsbreytingu hinn 1. janúar 1981, breytist nafnverð hlutabréfa í samræmi við ákvæði þeirra laga. Er bankaráði þá heimilt að ákveða að nýju stærðir hluta í bankanum.

Jöfnum höndum breytist 1. mgr. 17. gr. um atkvæðisrétt.

Þannig samþykkt á aðalfundi Iðnaðarbanka Íslands h.f., hinn 31. mars 1979 og 29. mars 1980.

Í bankaráði Iðnaðarbanka Íslands h. f.

Gunnar J. Friðriksson. Þórður Gröndal. Kristinn Guðjónsson.

Kjartan Ólafsson. Sigurður Magnússon.

Framanritaðar samþykktir staðfestast hér með sem samþykktir fyrir Iðnaðarbanka Íslands h.f. Jafnframt eru úr gildi fallnar samþykktir nr. 434, 22. september 1975 fyrir Iðnaðarbanka Íslands h.f.

Iðnaðarráðuneytið, 5. desember 1980.

Hjörleifur Guttormsson.

Jafet S. Ólafsson.

5. desember 1980.

Nr. 616.

REGLUGERÐ

um breytingu á reglugerð nr. 435 frá 22. september 1975
fyrir Iðnaðarbanka Íslands h.f.

1. gr.

1. gr. hljóði svo:

Iðnaðarbanki Íslands h.f. er stofnaður samkvæmt heimild í lögum nr. 113 frá 29. desember 1951.

Bankinn er hlutafélag og hlutafé hans að minnsta kosti 1 000 milljónir króna. Heimilt er lögætum aðalfundi að auka hlutaféð, sbr. lög nr. 31. frá 27. apríl 1963, samkvæmt ákvæðum 4. gr. A og gefa út jöfnunarhlutabréf samkvæmt ákv. 4. gr. D samþykktu bankans.

Með yfirstjórn bankans fer fundur hluthafa, svo sem segir í samþykktum félagsins, bankaráð sem kosið er á aðalfundi bankans og bankastjórn, sem bankaráð ræður.

2. gr.

47. gr. hljóði svo:

Reikningsár Iðnaðarbankans er almanaksárið. Ársreikningur skal hafa að geyma ársskýrslu, rekstrarreikning og efnahagsreikning. Skal gerð ársreiknings lokið fyrir febrúarlok og skal hann lagður fyrir endurskoðendur án tafar og eigi síðar en einum og hálfum mánuði fyrir aðalfund.

Ársreikningur skal undirritaður af bankaráði og bankastjórn. Hafi bankaráðsmaður eða bankastjóri mótbárur fram að færa gegn ársreikningi, skal hann undirritaður með fyrirvara og gera skal grein fyrir því í ársskýrslu hvers eðlis fyrirvarinn er. Ársreikning skal birta í Stjórnartíðindum.

Yfirlit yfir hag Iðnaðarbankans skal gera mánaðarlega.

3. gr.

49. gr. hljóði svo:

Aðalfundur hluthafa kýs hlutfallskosningu tvo endurskoðendur, til eins árs í senn. Ennfremur skal bankaráð ráða endurskoðanda eða endurskoðunarfélag til